

EDUCATION
TRAINING
YOUTH

MAT Á GÆÐUM SKÓLASTARFS

Evrópskt tilraunaverkefni

HAGNÝTAR LEIÐBEININGAR FYRIR SJÁLFSMAT

SAMÍÐ FYRIR
FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS:
JOHN MACBEATH
DENIS MEURET
MICHAEL SCHRATZ

FRAMKVÆMDASTJÓRN
EVROPUSAMBANDSINS

EFNISYFIRLIT

• I. hluti: HAFIST HANDA	2
Inngangur	2
Að skapa réttan anda fyrir sjálfsmat	2
Notkun sjálfsmatsrammans	3
• II. hluti: TILLÖGUR UM AÐFERÐIR	6
Verkefni 1: Söfnun og meðhöndlun upplýsinga	6
1 Námsárangur	6
2 Persónu- og félagsþroski	8
3 Hvert fara nemendur að loknu námi í skólanum	10
4 Hluttur tímans í námi	11
5 Gæði náms og kennslu	13
6 Stuðningur í námserfiðleikum	14
7 Skólinn sem námsstaður	15
8 Skólinn sem félagslegur vettvangur	17
9 Skólinn sem vinnustaður fagfólks	18
10 Skóli og heimili	21
11 Skóli og samfélag	22
12 Skóli og starf	23
• VERKEFNI 2: EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD AÐGERÐA	24
Áætlun um aðgerðir	25
Framkvæmdastig	26
Mat á aðgerðum	27

I. hluti: HAFIST HANDA

Inngangur


Efni þessa rits er, eins og nafnið gefur til kynna, leiðbeiningar fyrir skóla um sjálfsmatsaðferðir. Það myndar ásamt „Leiðbeiningum fyrir þátttökuskóla“, sem skólinn ætti að þegar að hafa fengið, sameiginlegan kjarna í evrópska tilraunaverkefninu um mat á gæðum skólastarfs.

Skólar í verkefni 1 halda áfram með verkefnið á eftirfarandi hátt: 1. ljúka við sjálfsmatsrammann, 2. ákvarða fimm svið til nánari athugunar, og síðan 3. einbeita sér að sjálfsmatsaðferðunum sem lagt er til í þessum leiðbeiningum að séu notaðar.

Skólar í verkefni 2 fylla einnig út sjálfsmatsrammann. Eftir það á aðeins síðasti hluti þessara leiðbeininga beint við um þá skóla. Við vonum samt að einhverjar af þeim sjálfsmatsaðferðum sem hér er að finna verði þeim hvatning við það stöðuga verkefni að bæta skólann.

Að skapa góðan anda fyrir sjálfsmats

Með ákvörðun um sjálfsmat er stigið fyrsta skrefið í því krefjandi verkefni að skoða gæði skólastarfsins, sem til þessa hefur ef til vill aðeins gengist undir ytra mat. Þess vegna verður að fara að öllu með gát þegar lagt er upp í sjálfsmatsleiðangurinn. Að vinna sjálfsmat er ekki eingöngu fólgið í því að fara eftir einhverjum tilteknum vinnureglum (t.d. söfnun gagna, túlkun gagna, framsetning gagna), heldur er hún einnig samfelld ferli túlkunar og samninga-viðræðna, eins og sést á skýringarmyndinni.



Alltaf þarf að huga að siðfræðilegu hliðunum:

- (1) Alltaf þegar markmið eru valin og gögnum safnað í skólanum sem síðan er unnið úr, er áriðandi að fá samþykki þeirra sem hlut eiga að máli. Dæmi:Ef ákveðið er að taka kennara-fund upp á segulband í þeim tilgangi að kanna samskiptamynstur karl- og kvenkennara, þá þarf samþykki viðkomandi aðila. Þegar kemur að framsetningu niðurstaðna ætti aðeins að að birta þær með samþykki þeirra sem tekin voru viðtöl við.
- (2) Ef gögn hafa verið túlkuð og niðurstöður fengnar verða þær að fá staðfestingu viðkomandi hagsmunaaðila¹. Að öðrum kosti er hætt við að umfjöllunin verði of einhliða og taki ekki tillit til allra sjónarmiða. Hér er þó ekki aðeins um það að ræða að gera öllum jafnhátt undir höfði heldur verður að taka tillit til margbreytilegra gilda nútímaþjóðfélags.

Af þessum ástæðum ætti að hafa eftirfarandi atriði í huga þegar reynt er að skapa gott and-rúmsloft fyrir sjálfsmat:

Reglur til að skapa sjálfsmatsanda

1. Þátttaka í ákvörðunartökuferli verkefnisins ætti að vera eins víðtæk og mögulegt er.
2. Ekki er til nein rétt eða röng leið fyrir sjálfsmat. Þess vegna verður við sjálfsmatið að taka tillit til mismunandi skoðana þátttakenda.
3. Alltaf verður að líta á söfnun og meðhöndlun gagna sem túlkunar- og samningaferli.
4. Þegar gögnum er safnað skal taka með eins margar skoðanir og mögulegt er.
5. Alltaf ætti að ræða hver eigi gögnin svo að ekki sé gengið á rétt einstaklinga eða hópa.
6. Þegar gripið er til aðgerða ætti að upplýsa alla um þær þannig að ferlið verði gagnsætt.
7. Hvert skref þarf að vera stutt, en alltaf með hliðsjón af heildaráætluninni.

Eftirfarandi er dæmi um verklagsreglur sem sýnir að margir geta tekið þátt í umræðuferlinu. Verklagsreglum er lýst hér með það fyrir augum að kynna sjálfsmatsrammann. Þeim má þó beita ásamt öðrum matsaðferðum í öllu verkefninu ef safna þarf gögnum frá mörgum á skömmum tíma.

Notkun sjálfsmatsrammans

Sjálfsmatsrammanum er ætlað að styðja og auka umræður meðal hagsmunaaðila skólans. Mælt er með eftirfarandi ferli:

Skólinn velur hóp nemenda, foreldra og kennara til að fylla út sjálfsmatsrammann. Í hverjum hópi ætti að vera minnst 12 manns en skólar gætu viljað hafa hópana stærri.

¹ Hér er þeir nefndir „hagsmunaaðilar“ sem eiga hagsmuna að gæta varðandi skólann, þ.e.a.s. skólinn og árangur skólagöngu getur skipt þá máli á einhvern hátt. Hér er t.d. um að ræða sérfræðinga, nemendur, foreldra, stoðþjónustuaðila, stefnumótandi aðila o.fl.

Hægt er að velja af handahófi í þessa hópa eða reyna að fá fulltrúa sem flestra sjónarmiða. Þetta verður aldrei vísindaleg rannsókn en það má reyna að fá eins konar þversnið af hagsmunaaðilum skólans.

Þessum 36 manna hópi er síðan deilt niður í 6 sex manna hópa, og þá eru tveir möguleikar:

1. Að hafa tvo nemendahópa, tvo foreldrahópa og tvo kennarahópa.
2. Að blanda hópunum þannig að í hverjum hópi séu 2 nemendur, 2 foreldrar og 2 kennarar.

Kosturinn við fyrri aðferðina er að þá koma fram þrjú aðgreind sjónarmið sem gefa í sjálfu sér áhugaverðar þríhliða upplýsingar. Síðari aðferðin kann að geta af sér frjórri skoðanaskipti og dýpri skilning, svo framarlega sem umræðurnar eru vandlega skráðar.

Matið fer fram á eftirfarandi hátt hvort sem fyrri eða síðari aðferðin er valin:

Hver þátttakandi fer yfir sjálfsmatsrammann, ígrundar vel og vandlega svör sín við öllum tólf liðunum og hefur hliðsjón af þeim upplýsingum sem eru tiltækar í skólanum.

Þegar allir hafa lokið við sjálfsmatsrammann koma sex manna hóparnir saman hver fyrir sig til að deila með sér því sem þeir skrifuðu. Þeir fara yfir matsrammann lið fyrir lið og reyna að koma sér saman um stigagjöf sem allir geta verið sáttir við. Miklu skiptir á þessu stigi að þátttakendur séu ekki of eftirgefanlegir við að samþykkja stigagjöf hópsins eða berjast þvermóðskulega fyrir sínum sjónarmiðum. Gildi ferlisins þegar ákvörðunin er tekin liggur í gæðum umræðunnar, hlustun, framsetningu gagna og virðingu fyrir gögnum og röksemdafærslu. Hér getur velviljaði gagnrýnandinn verið til ráðgjafar og hugsanlega haft umsjón með umræðunum.

Þegar sátt hefur náðst um heildarstigagjöf fyrir hópinn velur hann einn úr hópnum til að vera fulltrúa sinn á öðru stigi ferlisins.

„Annars stigs hópurinn“ tekur aftur til við sjálfsmatsrammann og fer í gegnum sama ferlið og áður til að fá fram loka samkomulag um sjálfsmatsramma fyrir skólann.

Verið getur að fram komi röðun sem er þaulhugsuð og vel rökstudd. Miklu skiptir þó að hópurinn reyni ekki að miðla málum milli andstæðra sjónarmiða og búa þannig til matsramma sem lýsir hvorugri afstöðunni. Viðhorfin í hópnum geta t.d. verið algerlega anstæð þannig að fólki finnist réttast að skila tvenns konar stigagjöf.

Þegar hópurinn getur ekki komist að samkomulagi ætti hann að hafa tvöfalda stigagjöf. Þetta ætti að vera hátíðnistigin, þ.e. stigin sem hafa hæsta tíðni. Dæmi:

Þátttakendur:	A	B	C	D	E	F
stig:	1	1	2	4	4	3

Hér eru hátíðnistigin 1 og 4 og þær tölur ætti að setja í sjálfsmatsrammann.

S J Á L F S M A T S R A M M I

Númer skóla

Dagsetning

Vinsamlegast metið stöðu skólans með tilliti til sérhvers sviðs á eftirfarandi kvarða².

Svið	Mat	Próun að undanfögnu+
I. Niðurstöður		
1 Námsárangur	++ + - --	↑ → ↓
2 Persónu- og félagsþroski	++ + - --	↑ → ↓
3 Hvert fara nemendur að loknu námi í skólanum	++ + - --	↑ → ↓
II. Ferli í skólastofu		
4 Hlutur tímans í námi	++ + - --	↑ → ↓
5 Gæði náms og kennslu	++ + - --	↑ → ↓
6 Stuðningur í námserfiðleikum	++ + - --	↑ → ↓
III. Ferli í skólastarfi		
7 Skólinn sem námsstaður	++ + - --	↑ → ↓
8 Skólinn sem félagslegur vettvangur	++ + - --	↑ → ↓
9 Skólinn sem vinnustaður fagfólks	++ + - --	↑ → ↓
IV. Umhverfi		
10 Skóli og heimili	++ + - --	↑ → ↓
11 Skóli og samfélag	++ + - --	↑ → ↓
12 Skóli og starf	++ + - --	↑ → ↓
V. Önnur svið		
13	++ + - --	↑ → ↓
14	++ + - --	↑ → ↓

² Sbr. lýsingu á sviðunum í næsta hluta leiðbeininganna.

II. hluti: TILLÖGUR UM AÐFERÐIR

Verkefni 1: Söfnun og meðhöndlun upplýsinga

Í þessum hluta er tólf sviðum sjálfsmatsins lýst nánar og tilgreind dæmi um vísa. Tilgreind eru tvö eða þrjú dæmi um hvernig skólinn getur metið þau.

1 Námsárangur

Eitt aðalmarkmið skóla er góður námsárangur nemenda, en námsárangur hefur verið mikið notaður sem mælikvarði á skilvirkni skóla. Námsárangur er þó ekki einfaldlega mæling á niðurstöðu við lok skólagöngunnar heldur er hann mælikvarði á það hve vel skólinn vinnur sitt verk frá ári til árs og vitnisburður um gæði skólastarfsins frá degi til dags.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hvaða þekkingu og færni öðlast nemendur á mismunandi stigum skólagöngunnar?
- Eru framfarir nemenda meiri, minni eða áþekkar og ætla mætti miðað við fyrri námsárangur?
- Hefur munur á árangri slökustu og hæfustu nemendanna verið að minnka eða aukast þann tíma sem þeir hafa verið í skólanum?

1.1 NÁMSFERILSMAPPA NEMENDA

Í flestum skólakerfum er námsárangur nemenda venjulega mældur eftir árangri þeirra í prófum. Þessi vísir gefur þó aðeins til kynna þá þekkingu og færni sem nemendur sýna á tilteknu sviði á vissu tímabili en endurspeglar ekki námsárangur þeirra almennt.

Ef menn vilja fá meiri upplýsingar um hið síðarnefnda er hægt að biðja nemendur að útbúa námsferilsmöppu sem sýnir námsárangur þeirra. Í því augnamiði eru nemendur beðnir að fara yfir tiltekið tímabil (t.d. hálf t. skólaár eða heilt) og taka saman gögn um þekkingu á tilteknum námssviðum. Þetta er hægt að gera á mismunandi vegu: Annaðhvort safna þeir eingöngu efni á sviðum þar sem þeim finnst þeir standa sig vel, sem gefur innsýn inn í þeirra sterku hliðar. Eða þeir eru beðnir að aðgreina sviðin: SVIÐ MEÐ FRAMÚRSKARANDI ÁRANGRI, SVIÐ MEÐ MEÐALÁRANGRI og VANDAMÁLASVIÐ. Námsferilsmöppurnar eru ræddar og notaðar sem vísir fyrir eigið námsmat nemenda og fyrir árangur þeirra sem einstaklinga.

1.2 SPÁÐ FYRIR UM ÁRANGUR

Þar sem skólar fást venjulega við ólíka hópa nemenda er mikilvægt að fylgjast með árangri einstakra nemenda (árgangs) og beina athyglinni að virðisaukanum (hverjar eru raunverulegar framfarir nemendanna í samanburði við fyrri þekkingu þeirra?).

1.2.1 Virðisauki

Með svonefndum „virðisaukavísunum“ er reynt að mæla þann „virðisauka“ sem nemandinn hefur fengið þann tíma sem hann hefur verið í skólanum, eða ef til vill á einu ári. Með þeim er venjulega borinn saman árangur nemanda þegar hann hættir í skólanum (t.d. árangur á prófum) við þann árangur sem vænta mætti af honum. Væntanlegur árangur er áætlaður með því að taka grunnviðmið með mælingu á námsárangri, aldri og félagsstöðu og spá fyrir um væntanlegan árangur með hliðsjón af þessum bakgrunnspáttum.

Hér eru tvö dæmi um „virðisaukavísa“:

(a) Virðisauki með tilliti til árangurs í prófum:

Gert er ráð fyrir að allir nemendur sama fræðsluumdæmis gangist undir sama prófið (eða stöðukönnunina) í lok skólans og yfirvöld umdæmisins geti gefið skólum upplýsingar um einkunnir eftir aldurshópum (og/eða félags- og efnahagslegri stöðu):

- Þá er hægt að reikna virðisaukavísa fyrir skólann³.
- Ef ekki er hægt að reikna á þennan hátt (sjá neðanmálgrein) þá kann að vera mögulegt að bera saman árangur í skólanum saman við aðra skóla með svipaða aldursdreifingu og áþekka félags- og efnahagslega stöðu.

Rannsóknir hafa sýnt að niðurstöður mælinga sem þessara geta í flestum skólum verið breytilegar frá ári til árs. Þess vegna er betra ef tiltækar eru slíkar mælingar sem ná yfir nokkur ár.

(b) Virðisauki með stöðukönnunum (tests)

Ef árangur nemenda í tiltekinni námsgrein liggur fyrir við upphaf og lok tímabils er mögulegt að teikna línurit með upphafsstöðu allra nemenda á lárétta ásnum og lokastigi þeirra á þeim lóðrétta (settur er punktur fyrir árangur hvers nemanda). Þá er hægt að teikna beina línu (aðhvarfslínuna) sem sýnir sambandið milli upphaflega stigsins og lokastigsins. Ef línan fyrir nemendurnar í ár er fyrir ofan línu nemenda síðasta árs er hugsanlegt að skilvirkni í kennslu námsgreinarinnar hafi aukist.

1.2.2 Árgangavísar

Ef fjögur námsár eru í skólanum er hægt að reikna hundraðshlutfall (%) þeirra nemenda sem byrjuðu í skólanum árið 1993 og náðu einhverju námsstigi (-stigum), stóðust einhverjar kröfur eða sýndu árangur í námi sem telja má einhvers virði í lok skólaársins 1996/97.

³ Dæmi: Ef gert er ráð fyrir að árangur 16 ára nemenda fræðsluumdæmis í prófum sé 0,90 og árangur 17 ára nemenda sé 0,70 og 80% nemenda í skólanum séu 16 ára og 20% 17 ára eða eldri, þá er væntanlegur árangur í prófunum $(0,80 * 0,90) + (0,70 * 0,20) = 0,86$. Ef árangur í prófunum reynist síðan vera 0,75 sem er undir 0,86 þá er árangur skólans með tilliti til nemenda á þessu skólastigi ekki eins góður og hann ætti að vera.

1.3 MAT ANNARRA KENNARA

Þar sem námsárangur er grundvallarþáttur í gengi nemenda í skólanum, og í lífinu að lokinni skólagöngu, ætti að meta reglulega gæðaviðmið fyrir stöðukannanir, próf og einkunnagjöf. Best er að gera úttekt á gæðaviðmiðum með því að bera saman ólík prófaferli og niðurstöður ólíkra stöðukannanna og prófa. Við þetta má beita nokkrum aðferðum:

innan skólans:

Kennarar skiptast á stöðukönnunum (tests) og prófum, ásamt niðurstöðum þeirra, og einkunnum (ef þær eru gefnar) við kennara í sömu námsgreinum eða námsgreinaflokkum (eða í öðrum námsgreinum/-flokkum) og ræða muninn á þeim.

milli skóla:

Kennarar (í tiltekinni námsgrein) finna skóla (sömu eða svipaðrar gerðar og þeirra) og koma á samstarfi kennara um skoðun á kennslugögnum, skiptast á stöðukönnunum og prófum ásamt niðurstöðum.

milli landa:

Sams komar samstarfi er hægt að koma á milli skóla í ýmsum löndum sem gefur samstarfsferlinu *evrópska vídd*. Hægt er að koma á samstarfi við annað land með því að hafa samband við heimasíðuna eða nota rafpóst (e-mail) til að ná sambandi við aðra skóla. (Eigi skóli í erfiðleikum með þetta getur hann haft samband við landsnefndina.)

2 Persónu- og félagsþroski

Persónu- og félagsþroski er lokamarkmið skólamenntunar jafnframt því að skapa það samhengi sem gerir námsárangur skiljanlegan fyrir nemendurnar. Enda þótt oft sé litið á persónu- og félagsþroska í tengslum við skipulagt nám er um að ræða miklu víðtækara hugtak sem vísar til viðhorfa, gilda og færni sem ungt fólk tileinkar sér og verður óaðskiljanlegur hluti reynslu þeirra innan skóla og utan.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hve miklum árangri nær skólinn í að laða fram hjá nemendum kosti eins og sjálfsvirðingu? siðræn viðhorf? tillitssemi? hæfileika til hópvinnu, frumkvæði og getu til að horfa til framtíðar með jákvæðu og skapandi hugarfari?
- Hve mikið tillit er tekið til stéttar, kyns, fötlunar og annara hliða misréttis og ranglætis í þessum viðhorfum?
- Að hve miklu leyti eru gildi og tilgangur persónu- og félagsþroska rædd og viðurkennd meðal starfslíðs?

Hvaða gögn notum við til að gera úttekt á persónu- og félagsþroska, og hvernig meta nemendur sjálfa sig?

2.1 MAT Á SIÐRÆNUM VIÐHORFUM

Mismunandi leiðir eru til að meta siðræn viðhorf nemenda.

(a) SPURNINGALISTI

Setjið upp spurningalista sem innir nemendurnar eftir viðbrögðum þeirra við tilteknum fullyrðingum, svo sem:

- Óhlýðnast má lögnum. Aðalatriðið er að ekki komist upp um mann.
- Konur geta verið eins góðir atvinnuflugmenn og karlar.
- Fólki má mótmæla á götum úti ef það er ósammála stefnu stjórnvalda.
- Ef þú ynnir þér inn peninga með því að þvo bíla með vinum þínum, hvernig myndir þú taka ákvörðun um að nota eða skipta þeim peningum?
- Fyrir hvorn verknadinn ætti að refsa harðar: að særa annan nemenda eða stela jakkanum hans?

(b) HLUTVERKALEIKUR

Undirbúið aðstæður fyrir hlutverkaleik með atburðum sem kalla á tiltekna hegðum og metið siðræn viðhorf nemandans.

Dæmi: Vitni að yfirgangi, finna peninga, kynferðisleg áreitni, uppnefni sem vísa til kynþáttar ...

(c) VÍSBENDINGAFLOKKUN (Q SORT)

Tiltekna (ímyndaðar) persónur eru kynntar fyrir nemendum (dæmi: Jón kenndi Pétri vini sínum um þegar þeir höfðu gert eitthvað af sér). Hver vísbending er rituð á sérstakt spjald. Nemandinn fær nokkur spjöld og er beðinn að flokka þau í fjóra flokka.

Er alveg eins og ég	Er nokkuð líkt mér	Er lítið líkt mér	Er alls ekki eins og ég
---------------------	--------------------	-------------------	-------------------------

2.2 VINNUHÓPAR UM TILTEKIN ÁHERSLUEFNI

Starfsfólk úr ýmsum deildum myndar litla vinnuhópa um tiltekin áhersluefni og koma þeir saman á ákveðnum tíma á hverju ári og ræða persónu- og félagsþroska nemenda sinna. Skoðanaskipti milli kennaranna gætu dregið fram önnur viðhorf til persónu- og félagsþroska nemenda þeirra. (Á sumum sviðum gæti gátlisti eða spurningalisti komið að gagni.)

Hægt er að hafa eftirlitið markvissara ef kennarar (úr ýmsum deildum) velja einhverja nemendur með persónuleg/félagsleg vandamál og safna gögnum um þá innan kennslustofu og utan í tiltekinn tíma. Síðan ræða þeir það sem kemur út úr því.

2.3 GREINING SKRIFLEGRA GAGNA

Safnað er saman efni sem nemendur hafa unnið á tilteknu tímabili á skólaárinu með hliðsjón af viðmiðum fyrir siðræn viðhorf. Þetta má vera efni sem unnið er í skólanum. Það getur einnig verið efni sem unnið er úti í samfélaginu eða eitthvað áþekkt.

Leiðbeinandi spurningar við greininguna gætu verið þessar: Hvaða mynd gefur nemandinn af sjálfum sér í textanum? Hver eru viðhorf hans til annarra? Koma fram sömu viðhorf í námskeiðum sem ólíkir kennarar kenna og í ólíkum námsgreinum? Hvernig mynd gefa gögnin af persónu nemandans?

3 Hvert fara nemendur að loknu námi í skólanum?

Gildi skólamenntunar er oft dæmt eftir upplýsingum um það hvert nemendur fara þegar þeir ljúka náminu og hvað þeir gera, og hvort skólinn á einhvern þátt í frama þeirra eða farsælu ævistarfi. Aðeins er þó mögulegt að dæma um það hversu vel nám, starf eða staða er við hæfi í hverju tilviki og hvert gildi þeirra er með því að afla upplýsinga hjá fyrrverandi nemendum eða vinnuveitendum þeirra um það hversu vel þeir voru undirbúnir undir störfun eða tilbúnir til að halda áfram að læra allt lífið.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hvert stefna nemendur sem eru að ljúka námi, og hvað eru fyrrverandi nemendur að gera?
- Að hve miklu leyti er nám, starf eða staða nemendanna í samræmi við námsárangur þeirra og persónuþroska?
- Að hve miklu leyti bjó skólinn nemendur undir nám og störf sem þeir áforma að fara í eða eru í.
- Er munur á námi, starfi eða stöðu nemenda eftir kynjum, stétt eða þjóðernishópum sem þeir koma úr.

3.1 KÖNNUN Á ÞVÍ HVERT NEMENDUR FARA AÐ NÁMI LOKNU

Skólinn gerir könnun á því hvað fyrrverandi nemendur eru að gera þremur árum eftir að þeir voru brautskráðir (hvernig skóla eða háskóla þeir eru í, hvaða starfsgrein ...). Á þessu eru tvær hliðar:

- Hvert „senda“ skólarnir nemendurnar eftir brautskráningu?
- Hvar eru þeir staddir einu, tveimur, þremur ... árum eftir brautskráningu?

Niðurstöður könnunarinnar eru greindar og ræddar með það fyrir augum að bera saman væntingar skólans og það sem nemendurnir eru að gera í raun og veru. Ef í ljós koma erfiðleikar á ákveðnum sviðum verður að afla meiri upplýsinga til að fá betri innsýn og gögn fyrir frekari aðgerðir.

3.2 VIÐTÖL VIÐ FYRRVERANDI NEMENDUR

Bekkjarkennarar fyrirverandi lokaársnemenda hafa samband við þá og

- (a) boða þá á fund með núverandi (lokaárs-) nemendum í skólanum. Þeir taka viðtöl við þá og spyrja hvaða (gæða)einkunn þeir gefi skólanum eftir þeirri reynslu sem þeir höfðu af honum með tilliti til persónulegrar og faglegrar stöðu sinnar nú.
- (b) búa til spurningalista um gildi skólamenntunar með tilliti til þeirrar stöðu sem fyrirverandi nemendur eru í nú (í starfi eða framhaldsnámi ...).

3.3 ÖFLUN UPPLÝSINGA UM KRÖFUR SKÓLA OG STARFS

Mikilvægt er fyrir skólann og nemendurna að tengja saman væntingar um framtíðarstörf og nám og gæði menntunar og starfsþjálfunar. Meiri upplýsinga um gæðaviðmið má afla þannig:

- (a) Skólinn getur þróað spurningalista sem hann sendir framtíðarskólum eða -vinnuveitendum nemenda. Ef ekki er um of langan veg að fara er hægt að bjóða fulltrúum þeirra í heimsókn til að ræða málin augliti til auglits.
- (b) Nemendur eru beðnir að safna sjálfir upplýsingum um það starf sem væntingar þeirra standa til (hjá menntastofnunum eða atvinnurekendum) og ræða niðurstöður úr því við kennara sína í bekknum.

4 Hlutur tímans í námi

Einn veigamesti þáttur náms er tíminn. Tíminn í skólanum er af skorum skammti og hann verður að nýta vel. Rannsókn á kennslu og tíma samkvæmt stundaskrá nær skammt, sem slík, þar sem sá tími er ekki samheiti fyrir þann tíma sem hver nemandi eyðir í verkefnavinnu („time on task“), eða, eins og fræðimenn segja, „tækifæri til náms“. Skólar reyna að nýta tímann í skólastofnunni sem best jafnframt því sem þeir ætlast til þess að nemendur noti tímann utan skólans til náms, til heimavinnu og lesturs. Það er gagnlegt fyrir nemendur að fylgjast með nýtingu tímans jafnt utan skólans sem innan, þannig að þeir viti hve vel þeir nýta námstímann.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hve margar kennslustundir falla niður af einhverjum ástæðum (vegna skorts á aðföngum, fjarveru kennara, lokunar skóla í prófum)?
- Hve miklu af kennslutíma er varið í kennslustörf í samanburði við tímann sem fer í að stjórna, að halda uppi aga, að koma sér fyrir?
- Hve mikinn tíma nota nemendur í að vinna heimaverkefni? Er þeim tíma vel varið?
- Hve mikill tími glatast vegna skróps nemenda?
- Hve mikill munur er á tímanum sem fer í að kenna hæfustu og slökustu nemendunum?

4.1 ATHUGANIR Í KENNSLUSTOFU

Athuganir sem miða að betri nýtingu tíma geta *nemendur, kennari* eða *utanaðkomandi athugandi* annast. Athugunarsvið gætu verið

- tími sem nemendur verja í verkefni
- skipting tímans í skólastofunni á ólíka námsþætti
- tíminn frá því bjallan hringir þar til eiginleg kennsla hefst

4.2 HEIMAVINNUSKRÁ

Unnt er að fá dýrmætar upplýsingar um það hvernig nemendur haga heimanámi sínu með því að biðja þá um að halda skrá um það í viku. Eftirfarandi tafla er dæmi um hvernig slík skrá gæti litið út. Nemendur eru beðnir að skrá hverja námslotu, tilgeina hvað þeir gerðu og hvenær (t.d. 3.26–3.42 stærðfræði, 4.05–4.37 enska).

Byrjað kl.	Hætt kl.	Tími alls	Námsgrein eða efni	Hvenær sett fyrir	Hvenær skal því lokið	Erfið-leikar?	Fengin aðstoð hjá?	Var þetta skemmtilegt?	Var þetta gagnlegt?

Þegar töflurnar hafa verið fylltar út eru þær bornar saman og greindar (ekki af kennara nemendanna sem fylltu þær út) með tilliti til þess hvernig vinnan dreifist á mismunandi stig eða eftir hópum með mismunandi námsgetu.

Annar möguleiki: Nemendurnir búa til skífurit sem sýnir hvernig tíminn skiptist milli vinnu í kennslustofunni og heimavinnu.

4.3 GREINING Á GLÖTUÐUM TÍMA

Greining á tíma sem fer í súginn í skólastofunni eða á námskeiðum með spurningum eins og:

- Hve mikill námstími glatast vegna fjarveru kennara?
- Hve miklum tíma glata nemendur með skrópi?
- Hve mikill tími sem gæti nýst í námi glatast þegar kennslustundir eða námskeið falla niður?
- Hvert er hlutfall (%) glataðs tíma af þeim tíma sem hverri námsgrein er úthlutaður?

5 Gæði náms og kennslu

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að þeir sem rannsaka skilvirkni skóla hafi greint „áherslu á nám“ sem lykilatriðið sem er sameiginlegt með skilvirkum skólum um allan heim. Líklegt er að þessi þáttur tengist góðri kennslu, en þessi hugtök hafa ekki sömu merkingu. Góð kennsla einkennist venjulega af skýrum viðmiðunarreglum, mótaðri endurgjöf, skilvirku mati, viðbragðslipurð kennara, yfirferð og fjölbreytni. Ekkert af þessu er þó eitt sér trygging fyrir því að nemendur læri, þar sem sumir nemendur læra vel án kennslu og aðrir læra ekki þrátt fyrir umtalsverða kennslu og einstaklingsaðstoð. Þegar mat er lagt á gæði kennslu og náms verður að halda þessu tvennu að nokkru leyti aðgreindu.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- eru markmið náms og árangursviðmið skýr og skilja nemendur og kennarar þau?
- Hversu skilvirkt er námið?
- Hversu skilvirk er kennslan?
- Hvaða aðferðir eru notaðar í skólanum til að fylgjast með gæðum kennslunnar eða til að auka þau, til að tryggja góðar kennsluáðstæður og til að hjálpa kennurum sem eiga í erfiðleikum.
- Er kennsla jöfn að gæðum fyrir alla nemendur?

5.1 VIÐHORFSBLAÐ NEMENDA

Nemendur eru beðnir að láta í ljós skoðun á tilteknum þáttum náms og kennslu í skólastofunni með einföldum spurningalista. Tillögur um spurningar:

Ég get beðið kennarann um aðstoð þegar ég skil ekki eitthvað:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

Ég skil leiðbeiningar kennarans:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

Kennarinn veit hvenær ég skil ekki verkefni:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

Ég get beðið kennarann að útskýra kennsluáætlunina:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

Kennarinn hjálpar mér um leið og hann veit að ég skil ekki verkefnið:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

Ég veit ástæðuna fyrir öllum námsathöfnum:
alltaf
oftast
stundum
aldrei

5.2 HEIMSÓKNIR ANNARRA KENNARA

Kennarar velja hver fyrir sig tíu atriði sem skipta máli í kennslunni hjá þeim. (Dæmi: stjórnun bekkjarins, skýrt afmörkuð verkefni, eftirlit ...) Öðru hverju biðja þeir kennara utan skólans að heimsækja bekkinn sem „velviljaður gagnrýnandi“ og fylgjast með einu eða fleirum af þessum tíu atriðum hjá kennaranum.

Afbrigði: „Velviljaði gagnrýnandinn“ á að beina athyglinni að *náminu* sem fer fram í skólastofunni fremur en kennslunni.

Sjá einnig 1.3 Mat annarra kennara.

5.3 FRÁSAGNIR AF NÁMI

Nemendur mynda þriggja eða fjögurra manna hópa. Hver þátttakandi í hópnum segir sína sögu um nám: *Segðu hinum frá því þegar þú lærðir eitthvað sérstaklega vel* (í bekknum eða utan hans)! Að lokum eiga nemendurnir í hópnum að komast að því hvað var sameiginlegt með þessum *námssögum*. Gögnum frá hópnum er safnað saman og þau mynda grunn fyrir frekari athuganir og umræður.

6 Stuðningur í námserfiðleikum

Allir nemendur eiga einhvern tíma í erfiðleikum með nám. Erfiðleikar sumra eru þó meiri og langvinnari en annarra. Allir þurfa stuðning, en á mismunandi hátt, á mismunandi tíma og mismikinn. Þekking skóla á vandamálum af þessu tagi og geta til að bregðast við þeim er þýðingarmikill þáttur í gæðum skólastarfs.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hver fær aðstoð og hver ekki?
- Hvernig eru námserfiðleikar uppgötvaðir?
- Hver er stefnan í þessum efnum í skólanum í heild og innan kennslustofunnar og hve áhrifarík er hún?
- Hve árangursríkt er kerfið frá sjónarhóli foreldra, nemenda og kennara?
- Að hve miklu leyti er orsök námsörðugleika vanhæfi einstaklingsins, afleiðingar ófullnægjandi kennslu eða lélegt skipulag í skólanum.

6.1 SPURNINGALISTI UM STUÐNINGSKENNSLU

Eftirfarandi atriði er hægt að nota í spurningalista þar sem nemendur eru spurðir um stuðning í námserfiðleikum.

- kennarar ganga um skólastofuna og hjálpa þeim nemendum sem þurfa á því að halda
- kennarar útskýra mjög greinilega og vandlega þegar þeir fara yfir kennsluefnið
- nemendum finnst að þeir séu að ná einhverjum árangri
- starfið í bekknum miðast við getu hvers og eins
- miklar kröfur eru gerðar til undirbúnings fyrir hverja kennslustund
- hæfilegur tími er til að komast yfir efnið

6.2 SKRÁ UM ÞARFIR

Skólinn getur komið upp kerfi til að meta hvernig greina megi sérþarfir einstakra nemenda, eða einhvers hóps þeirra. Hver sá sem uppgötvar að barn hafi einhverjar sérþarfir (kennari, félagsráðgjafi, sálfræðingur ...) gerir skrá um sérþarfir sem er aðgengileg öllu starfsliði og kennarar taka til umræðu öðru hverju, með það fyrir augum að finna stuðning sem best hentar í hverju tilviki. (Stundum getur hjálpað að fylgjast með tilteknum nemanda eða einhverjum hópi þeirra um skeið til að öðlast betri innsýn í þá sérstöku erfiðleika og þarfir sem um er að ræða.

Auk þess hjálpa viðtöl við foreldra við greiningu sérstakra vandamála nemenda.

6.3 DAGBÓK HEIMA OG Í SKÓLANUM

Nemendur eru beðnir að halda dagbók heima og í skólanum og skrifa í hana sérstakar upplýsingar um erfiðleika í ákveðnum verkefnum, vandamál í samskiptum við kennara og erfiðleika í námi bæði í skólanum og heima. Það er mikilvægt að þeir geri sérstaka grein fyrir erfiðleikum sínum, eins og: hvenær kom vandamálið upp? hvað hindraði að hægt væri að ljúka verkinu? hvað vantaði til að hægt væri að ljúka við verkið (t.d. upplýsingar)? hvað hefurðu reynt fram til þessa til að leysa vandann? hver og hvað gæti hafa hjálpað? o.s.frv.

(Bekkjar)kennarinn lítur reglulega í heima/skóla dagbækurnar og ræðir það sem í ljós kemur við viðkomandi aðila (nemanda, kennara, foreldri ...).

7 Skólinn sem námsstaður

Skóli er staður til að læra. Þetta virðist liggja í augum uppi, en ekki er eins augljóst að allir læri á slíkum stað, né það að nemendur læri best þegar kennarar þeirra eru sjálfir allt lífið að læra. Kjarninn í skólastarfi er sú trú að allir eigi að ná árangri, að í því starfi sé fyrir hendi þekking á því hvernig því takmarki verði náð og eindreginn vilji til að gera meiri kröfur og taka stöðugum framförum. Mikill munur er á því sem nemendur læra í skólanum. Sumir læra lítið en aðrir taka skjóttum framförum. Jafnvel bestu nemendurnir gætu lært meira ef tjáskiptin væru betri, meira samræmi í eftirliti, væntingarnar meiri eða skipulagið öðruvísi og í skólanum væri eindreginn ásetningur að kanna aðrar leiðir við stjórnun námsins.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Er vinna nemenda skipulögð og þeim skipt í hópa þannig að tækifæri þeirra til náms nýtist til fulls?
- Gera kennararnir sér far um að fylgjast með og tryggja framfarir allra nemendanna?
- Eru til kerfi og aðferðir sem tryggja gæði starfsins og stuðla að árangursríkri kennslu?
- Er námskráin sniðin að þörfum nemendanna?
- Finnst nemendunum kennararnir vera hjálpsamir?

7.1 KRAFTSVIÐIÐ

„Kraftssviðs“greining („force field“ analysis) er notuð til að greina það sem stuðlar að því og vinnur gegn því að skólinn sé námsstaður. Nemendum fá eyðublað sem þeir eiga að skrifa á það sem gerir skólann að námsstað og það sem hindrar skólann í því að vera það. Eftirfarandi er dæmi:

Það sem léttir þér námið í skólanum

- Kennarar sem koma fram við mig eins og manneskju
- Nemendur sem skýra út fyrir mér
- Kennarar sem hafa áhyggjur af slakri frammistöðu
- Ég fæ að gera mistök

Það sem hindrar nám þitt í skólanum

- Nemendur sem trufla mig við námið
- Nemendur sem hjálpa mér ekki
- Kennarar sem aðeins hugsa um bestu nemendurna
- Kennarar sem sýna mér ekki sanngirni

7.2 SPURNINGALISTI UM NÁMSANDA

Eftirfarandi fjórar tegundir spurninga/fullyrðinga hafa verið tengdar góðum námsanda, sem hefur reynst búa í haginn fyrir framfarir nemenda í námi.

a) Námsandi

Finnst þér að

FLESTIR	NOKKRIR	MJÖG FÁIR	ENGINN
---------	---------	-----------	--------

kennara þinna ...

- ... taki nærri sér þegar nemendum þeirra gengur illa.
- ... geri allt sem mögulegt er til að börnin læri, jafnvel þau slökustu
- ... sé(u) oft ósanngjarn(ir).
- ... njóti virðingar nemenda.
- ... viti hvernig á að láta hlýða sér.
- ... fylgist sérstaklega með greindustu nemendum.

b) Vellíðan nemenda

Ert þú

algerlega sammála	að mestu sammála	að mestu ósammála	algerlega ósammála
-------------------	------------------	-------------------	--------------------

eftirfarandi fullyrðingum ...

Í skólanum ...

- ... er ég niðurdregin(n).
- ... er ég ánægð(ur).
- ... er ég einmana.
- ... treystir fólk mér.
- ... gefa kennararnir mér þær einkunnir sem ég verðskulda.
- ... veit ég að ég næ viðunandi árangri í námi.
- ... ræð ég við verkefni.
- ... hef ég lært ýmislegt sem mun reynast mér gagnlegt.
- ... get ég talað við kennarana um það hvernig þeir gefa mér fyrir.

8 Skólinn sem félagslegur vettvangur

Skólinn er félagslegur vettvangur og hann er mikilvægur þáttur í félagslegum tengslum margra ungmenna á uppvaxtarárum þeirra. Í skólanum hitta þau félagana og bindast vináttuböndum sem sum hver endast allt lífið. Í skólanum prófa þau félagslegt sjálf sitt og samskipti við önnur ungmenni sama og gagnstæðs kyns. Þau læra að þekkja vald, sjálfstæði og hvernig allir eru öðrum háðir gegnum venjubundið og óformlegt líf í skólanum frá degi til dags. Árangur þeirra og framfarir eru nátengd félagslegu andrúmslofti og tengslum þar sem þeir stunda námið. Ef til vill er fátt erfiðara en að meta gæði félagsanda í skóla, en það dregur ekkert úr gildi hans eða þýðingu.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Eru reglur skýrar og viðurkenndar og er umbun veitt og viðurlögum beitt af jöfnuði og réttssýni?
- Ríkir gagnkvæm virðing milli nemenda og meðal starfsliðs (fremur en yfirgangur og virðingarleysi)
- Gefur skólinn nemendum tækifæri til að vera með í ákvörðunartöku og taka ábyrgð á öðrum og skólasamfélaginu í heild?
- Hver eru gæði sambands nemenda og starfsliðs?
- Fá nemendur tækifæri til að taka virkan þátt í félagsmálum skólans?

8.1 SPURNINGALISTI

Eftirfarandi atriði geta verið matsviðmið í spurningalista:

- þægilegar félagslegar aðstæður (*aðrir nemendur, fullorðið fólk*)

- umhverfi þar sem ekki er mikið um truflun
- engin mismunun eða hlutdrægni
- tækifæri til að tala og fá áheyrn

- efnislegar aðstæður (*tími og rúm*)

- hæfilegur tími fyrir hverja kennslustund
- viðunandi tækjabúnaður
- ekki of margir nemendur þannig að „þið séuð eins og síld í tunnu“

8.2 MAT EFTIR LJÓSMYND

Mat eftir ljósmynd er öflug matsaðferð til að fá meiri upplýsingar um hvað nemendum finnst um skólann sem félagslegan vettvang. Fyrir þá er lögð spurningin „*Hvar í skólanum líður þér vel, hvar ekki og hvers vegna (ekki)?*“ og þeir beðnir að taka myndir í samræmi við svörin sem þeir gefa. Beita má eftirfarandi aðferð:

- Sjálfvaldir hópar með fjórum eða fimm nemendum mynda lið.
- Fyrst ræða liðin innbyrðis á hvaða stöðum í skólanum þeim líður vel og hvar ekki. Síðan koma þau sér saman um þrjá eða fjóra staði í hverjum flokki til að taka myndir af.
- Liðin ákveða nánar myndefnið (t.d. hvort fólk eigi að vera á myndunum eða ekki)
- Liðin fara og taka myndirnar í samræmi við það sem þau ákváðu.

- Þegar myndirnar hafa verið framkallaðar, býr hvert lið til veggspjald með myndum úr báðum flokkum (jákvæða/neikvæða), skrifar skýringar við myndirnar og tilgreinir ástæður fyrir valinu.
- Hver hópur sýnir bekknum veggspjaldið. (Þegar hér er komið lenda nemendurnir venjulega í heitum umræðum um álit sitt á skólanum.)
- Næsta skref getur hugsanlega verið eftirfarandi: Liðin búa sig undir að breyta því sem þeim finnst að þurfi að breyta og mögulegt er að breyta.

8.3 EINKADAGBÓK

Nemendur eru beðnir að halda dagbók hver fyrir sig og skrifa í hana upplýsingar um félagslega líðan sína í skólanum. Hver nemandi skrifar í dagbókina í einrúmi (t.d. hvernig hann upplifir dag í skólanum, hvernig komið er fram við hann utan bekkjarins, hvernig hann bregst við þegar kemur til árekstra, yfiringangs eða ofbeldis) og með þessu móti verða upplýsingarnar persónulegri.

Öðru hverju fá nemendurnir tækifæri til að koma saman og tala um tiltekin mál í dagbókunum og skiptast á skoðunum við kennarann (eða einhvern annan, t.d. félagsráðgjafa eða sálfræðing). Það krefst nokkurrar sjálfsíhugunar að halda dagbók en aðaltilgangurinn með henni er að fá persónulega reynslu nemendanna sem skráð er af þeim sjálfum. Engu að síður er hægt að beita almennum aðferðum til að fylgjast með persónu- og félagsþroska þeirra í slíkum umræðum.

9 Skólinn sem vinnustaður fagfólks

Skólinn er faglegur vinnustaður ef:

- hann hefur gagnasöfnunarkerfi og vinnureglur fyrir ákvörðunartöku. Þetta skiptir miklu máli þegar taka á faglega á breytingum sem verða innan og utan skólans og setja honum markmið með skipulegum og samræmdum hætti.
- hann laðar fram fagleg viðhorf starfsliðsins og stuðlar jafnframt að aukinni fagþekkingu þess. Meta má gæði skóla sem faglegrar menntastofnunar af því hve mikinn stuðning og örvun hann veitir kennurum og þeirri aðstoð sem hann veitir þeim við að vaxa í starfi og auka við færni sína.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hvernig bregst skólinn við breytingum í umhverfinu sem geta haft áhrif á nemendur eða aðra þætti skólastarfsins?
- Er skólinn fær um að fylgja eftir þeim áætlunum sem gerðar eru?
- Hver eru gæði innri umræðna og leiða til ákvörðunartöku innan skólans? Hverjir taka þátt í þeim umræðum?
- Hvers konar endurmenntun og -þjálfun fær starfsliðið? Hvernig er hún skipulögð (framboð, markmið, tengsl við aðstæður í skólanum)?
- Eru aðrar aðferðir notaðar til stuðnings við starfsframvindu starfsfólks (aðstoð við starfsfólk sem á erfiðleikum með nemendur, aðstoð við starfslið við mat á áhrifum af starfi þess o.s.frv.)?

9.1 KÖNNUN Á ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS

Vísar sem notaðir eru í könnun:

- Fjöldi kennara sem tekur þátt í endurmenntun.
- Tíminn sem kennarar verja í skólanum að frátöldum kennslutíma.
- Tíminn sem varið er í skipulagningu verkefna.
- Tíminn sem fer í ákvörðunartöku um málefni skólans í heild.
- Stefna í miðlun og yfirfærslu endurmenntunar.
- Tíminn sem varið er með hagsmunadílum.
- Tíminn sem varið er í opinbera aðila utan skólans (félagsmálaþjónustu, lögreglu ...).

9.2 STJÓRNUNARSTÖRF

Oft hafa skólameistarar ekki nægilega vitneskju um tengsl skólastjórnunar við önnur stjórnun-
arstörf innan skóla og utan. Eftirfarandi matsrammi gefur yfirlit yfir stjórnunarverkefni frá
mismunandi sjónarhornum.

Matsrammi fyrir stjórnunarstörf

verkefnis- svið	stjórnunar- og skipulagsstörf (stofnanabragur / stoðþjónusta / aðföng / fjármagn, ...)	leiðtogastörf (hugmyndafræði skólans / markmið / kröfur / félagsleg uppbygging, ...)	(félagsleg) uppeldisstörf (námskrá / kennslu- og námsandi / innra starf / blöndun ...)
þeir sem málið varðar			
skólameistari			
kennarar			
nemendur			
foreldrar			
fólk utan skólans (samfélagið)			
Eftirlitsaðilar með skólastarfi			

Kennarar geta haldið dagbók (líkt og nemendur halda dagbók heima og í skólanum, sbr. 6.3) í eina viku og skráð hvernig þeir verja tímanum frá því þeir fara á fætur á morgnana þar til þeir fara að sofa á kvöldin. Slíkar dagbækur eru mjög góðar heimildir til að greina vinnuviku kennarans og hvernig tími hans skiptist á verkefni.

10 Skóli og heimili

Heimili og skóli eru aðalbækistöðvar náms og þroska. Nám er árangursríkast þegar á þessum tveimur stöðum er unnið að sama markmiði og byggt á sömu gildum. Á heimilinu er hægt að auka við og dýpka skilning á því sem gerist í skólanum, og það sem lærist á heimilinu er undirstaðan sem byggt er á í skólastofunni. Bæði foreldrar og kennarar bera sína ábyrgð, en skólarnir verða að axla þá byrði að upplýsa foreldrana um það hvernig nemandanum gengur og hjálpa þeim við að styðja börn sín í náminu og búa þeim eins hvetjandi námsaðstæður og mögulegar eru utan skólans.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hvernig upplýsir skólinn foreldra um nám barna þeirra og hvernig þeim gengur?
- Eru upplýsingarnar sem veittar eru sniðnar að vilja foreldra og þörfum?
- Hvaða upplýsingar fá kennarar hjá foreldrum og hvaða kerfi er fyrir hendi sem gerir kennurum kleift að afla upplýsinga með þessum hætti?
- Finnst foreldrum þeir velkomnir í skólanum?
- Er komið eins fram við alla foreldra?
- Styðja foreldrar börn sín í náminu? Hver er stefna skólans til eflingar slíkum stuðningi?

10.1 KÖNNUN Á SAMBANDI SKÓLA OG HEIMILA

Vísar fyrir könnun á sambandi skóla og heimila:

- Hlutfall (%) foreldra sem skólameistarar/kennarar hitta einslega á móti á ári. Um hvað er fjallað á slíkum fundum.
- Tíminn sem skólameistarar/kennarar verja í samskipti við foreldra.
- Upplýsingar sem foreldrar fá um ákvarðanir skólanna.
- Upplýsingar sem kennarar hafa um heimilisaðstæður nemenda.
- Hlutfall (%) heimila sem fá bréf frá skólanum á mánuði. Hlutfallsleg (%) skipting í jákvæð og neikvæð bréf.
- Hlutfall (%) símhringinga frá skólum eða heimilum. Um hvað er talað.

10.2 GREINING SKRIFLEGRA GAGNA: FUNDIR SAMTAKA FORELDRA OG KENNARA (SKÓLANEFNDAR)

Sambandið milli heimilis og skóla stjórnast venjulega af fundum samtaka foreldra og kennara. Greinið fundargerðir slíkra funda á síðasta ári og miðið við atriði eins og:

- Áhrif foreldra á ákvarðanir sem voru teknar.
- Tillögur sem bornar eru upp af foreldrum og hvaða afgreiðslu þær fengu.
- Efni sem fjallað er um með hliðsjón af mikilvægi fyrir skóla/foreldra/... .
- Hlutfallsleg (%) skipting málefna sem foreldrar, kennarar, nemendur, skólameistarar hófu máls á.
- Hlutfall (%) áhyggjuefna foreldra sem skólinn leysti úr.

11 Skóli og samfélag

Skólar eru hluti samfélags og tilvera þeirra byggist á því sem það hefur fram að færa. Þeir fá stuðning úr samfélaginu og njóta góðs af björgum þess. Þeir þurfa einnig að bregðast við félagslegum og efnahagslegum vandamálum þess — fátækt, atvinnuleysi, skemmdarverkum, glæpum. Skólinn er ef til vill stærsti atvinnurekandinn og þýðingarmesta auðlind samfélagsins en nýtir ef til vill ekki til fulls þau fjölmörgu úrræði eða þá getu sem hann býr yfir sem miðstöð félagslegs og fræðilegs náms.

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Hvað hefur skólinn að bjóða samfélaginu?
- Hvað gerir skólinn til að efla samband skóla og samfélags?
- Bjóðast skólanum tækifæri til að ráðfæra sig við samfélagið um málefni sem snúa að honum og hefur hann einhvern vettvang til þess?
- Skapa aðstæður í samfélaginu (auður, atvinna, eining, trú á framtíðina, væntingar til skólans) umhverfi sem styður skólann.

11.1 GREINING Á SAMHENGI

Starfsemin í skólanum endurspeglar alltaf önnur félagsleg kerfi í umhverfi hans. Tengslin við þau eru mikilvæg fyrir skilvirkt starf skólans. Með greiningu á samhengi (context analysis) fæst yfirlit um innbyrðis tengsl þessara kerfa og möguleiki á að móta sérhæfðar þróunar-áætlanir.

- (a) Gerið lista yfir samhengi þeirra tengsla sem skólinn hefur í samfélaginu (skrifstofur, ýmsir hópar, einstaklingar ...).
- (b) Flokkið viðeigandi svið í félagslegu umhverfi skólans eftir
 - þýðingu þeirra fyrir skólann
 - fjarlægð frá skólanum
- (c) Lýsing á tengslum skólans við félagslegt umhverfi hans séð utan frá: væntingar og ótti (+ jákvætt, – neikvætt, ± beggja blands — sérstaða í tengslunum).

11.2 FJÖLMIÐLAGREINING

Athugið hvernig fjallað er um skólann í fjölmiðlum á staðnum og fræðsluumdæminu. Hvenær minnst blöð og aðrir miðlar á skólann og um hvað er fjallað? Hve lofsamlega? (Safnið blaða-útklippum um skólann og greinið þær.)

11.3 GREINING Á ALMENNINGSÁLITI

Takið viðtöl í verslunum og annars staðar þar sem fólk í samfélaginu kemur reglulega. Kannið hvernig talað er um skólann.

12 Skóli og starf

Víða um heim hefur athygli stefnumótunaraðila og fræðimanna löngum beinst að sambandi atvinnulífs og skóla. Samtenging menntunar og hagkerfis er forgangsverkefni OECD, sem kemur til af því að miklu skiptir að ná betra samhengi og upplýsingaflæði milli þessara tveggja sviða. Í mörgum löndum er algengt að ungt fólk eyði meiri tíma en áður í verslunar- og iðnfyrirtækjum á skólaárunum, til að öðlast starfsreynslu eða fylgjast með, og að vinnuveitendur verji meiri tíma í skólum. Er slík vinna metin og hve árangursrík er hún?

Spurningar sem skóli gæti leitað svara við eru:

- Aðstoðar skólinn ungt fólk við að þroska þá færni og eiginleika sem atvinnurekendur óska eftir?
- Veita atvinnurekendur skólunum upplýsingar, aðstoð og fjármagn sem bætir árangur þessarar starfsemi þeirra.
- Hvaða ný form á sambandinu milli vinnustaðarins og skólans gætu komið að gagni við að gera nám og kennslu árangursríkari?

12.1 KÖNNUN Á STARFSKRÖFUM

Miklu skiptir fyrir skólann og nemendur hans að vita hvaða væntingar hugsanlegir atvinnurekendur hafa. Þetta er hægt að athuga með því að

- (a) skólinn vinni spurningalista sem hann sendir vinnuveitendum á svæðinu. Ef ekki er um of langan veg að fara er hægt að bjóða fulltrúum þeirra í heimsókn til að ræða málin augliti til auglits.
- (b) nemendur eru beðnir að safna sjálfir upplýsingum sem tengjast framavonum þeirra hjá hugsanlegum vinnuveitendum og ræða niðurstöðurnar við kennara sína.

12.2 VINNUHÓPAR UM TILTEKIN ÁHERSLUEFNI

Skólinn vill komast að því hverjar eru væntingar fyrirtækja á staðnum til skólans. Kennurum er skipt niður í litla vinnuhópa (blandaða úr ýmsum deildum) sem hver um sig einbeitir sér að einu starfssviði fyrir nemendur sína, en allur skólinn hefur áður ákveðið hver þau eru (hér er einnig hægt að nota greininguna sem fjallað er um í 11.1). Hóparnir eiga viðtöl við fulltrúa hvers atvinnusviðs og skrifa skýrslu um hvert svið.

Niðurstöðum allra hópanna er safnað saman og sameinaðar til að gefa yfirlit um væntingarnar.

Verkefni 2: Eftirlit með framkvæmd aðgerða

Skóli sem er í verkefni 2 byrjar að meira eða minna leyti þar sem verkefni 1 endar. Áður en verkefnið hefst hefur farið fram sjálfsmat eða ytra mat (úttekt) og með því hefur skólinn þegar komist að raun um hverjar eru veikar og sterkar hliðar á starfsemi hans, og þær upplýsingar notar hann sem grunn fyrir frekari þróun. Verkefni 2 snýst um framkvæmd aðgerða og eftirlit með þeim allt til enda tilraunaverkefnisins.

Ekki er mögulegt að mæla fyrir um aðeins *eina leið* við framkvæmd aðgerða vegna þess að mjög mikið er komið undir ákvörðunum einstakra skóla og sérstökum aðstæðum þeirra (stærð, reynslu, umhverfi o.s.frv.). Mikilvægt atriði sem tekur til alls eftirlitsins er þó stofnun eins starfshóps fyrir hverja aðgerð sem valin er. Starfshópurinn ætti að njóta nokkurs sjálfræðis við val verkefna og funda reglulega. Í starfshópnum geta einnig verið einn eða tveir fulltrúar „markhóps“ aðgerðarinnar (t.d. foreldrar þegar um er að ræða aðgerð sem fæst við bætt upplýsingaflæði milli skóla og heimilis).

Starfshópurinn ætti að hafa skýra hugmynd um markmið aðgerðarinnar svo að hann geti verið sveigjanlegur í framkvæmdinni. Reynslan hefur sýnt aftur og aftur að nær ekkert gerist nákvæmlega eins og fyrirhugað er, sama hver aðgerðin eða vettvangurinn er. Óvæntar breytingar geta átt sér stað og óvæntar afleiðingar komið í ljós sem hefur áhrif á þróun og stefnu aðgerðarinnar.

Framkvæmd aðgerðar fer fram í þremur áföngum:

- Áætlun um aðgerðir
- Framkvæmdarstig
- Mat á aðgerð

• Áætlun um aðgerðir

Í áætlunarstiginu felst samkomulag um sviðið eða sviðin innan skólans sem aðgerðir taka til. Það nær einnig yfir að finna úrræði, stofna einn eða fleiri starfshópa og hanna eftirfylgnirit (follow-up). Ritin ættu að vera létt og þægileg í meðförum. Hér er stungið upp á tvenns konar ritum:

- (a) stuttur listi yfir samhengisvísa (context indicators), til hvaða aðgerða(r) var gripið og áhrifin sem komu strax fram;
- (b) dagbók sem allir kennarnir (og aðrir) sem taka þátt í aðgerðinni (aðgerðunum) skrá í allt sem þeim finnst skipta máli. Umræður um dagbókarfærslurnar geta leitt í ljós óvænt áhrif og gefið tilefni til að taka upp nýjan vísi.

Stýrihópur skólans byggir á niðurstöðum undangengis sjálfsmats og sjálfsmatsrammans og hefur hliðsjón af sterkum og veikum hliðum í starfseminni þegar hann ákvarðar hvað eigi að hafa forgang í framtíðarþróun skólans. Áriðandi er að tryggt sé að sú mynd sem kemur fram af skólanum með matinu og túlkun gagna sé eins nákvæm og hægt er. Það er þess vegna gagnlegt að fá eins marga hagsmunaaðila og mögulegt er inn í umræðurnar og markmiðssetninguna. Tilvísanahópatæknin (Nominal Group Technique) getur hjálpað við að fá fram sameiginlegt álit hópa eða alls skólans.

Tilvísanahópatæknin

Í fimm til níu manna hópi tekur tilvísanahópatæknin um 70 mínútur og felst í eftirfarandi fjórum þrepum:

1. *Hver og einn kemur með skriflegar hugmyndir:* Allir skrifa sínar tillögur að svari við spurningunni „**Hvaða þróunarsviði ætti skólinn að veita forgang á framkvæmdastiginu skólaárið 1997/98?**“ [4–8 mínútur]
2. *Skráning hugmynda:* Hver þátttakandi ber fram eina tillögu af sínum lista að beiðni fundarstjóra. Tillögurnar eru skráðar á stóra flettitöflu. (Umræður ættu ekki að fara fram á þessu stigi.) [15–25 mínútur]
3. *Umræður um hugmyndalistann:* Þegar framlögum allra hefur verið safnað saman á flettistöfluna ræða þátttakendur inntak atriðanna á listanum. [2 mínútur á atriði]
4. *Röðun:* Hver þátttakandi forgangsraðar atriðunum sem leiðir að lokum til endanlegrar röðunar á 2–5 mikilvægustu atriðunum [15 mínútur].

Skipta ætti upp hópum sem eru stærri en 12 til 13 manns. Þegar um er að ræða stóran hóp (heilan skóla) verður að halda allsherjarfund til að kynna þrepin fjögur. Þvínæst er hópnum skipt upp í undirhópa með u.þ.b. 10 í hverjum og tilvísanahópatækninni beitt samtímis á alla hópana. Í tilvikum sem þessum er gott að sameina lista hvers undirhóps áður en kemur að lokafundi allra þar sem val allra hópanna er kynnt. Lokalistinn sameinar tvítekin atriði í nýja flokka eða lýsingar og á honum geta verið milli 15 og 25 atriði. Útskýra ætti merkingu hvers atriðis fyrir öllum hópnum áður en kemur að 4. þrepi.

Úrslit kjörsins eru sett upp í töflu og kynnt hópnum. Atriðin sem samkomulag var um verða síðan marksvið (target areas) framkvæmdarinnar meðan á tilraunaverkefninu stendur. Skólinn ákveður hvort hann einbeitt sér að einu eða fleiri sviðum í samræmi við hagsmuni eða stærð skólans.

Sviðin sem samþykkt eru mynda grunn fyrir aðgerðaáætlun hvers sviðs. Áriðandi er að í aðgerðaáætlunni sé raunhæfur fjöldi verkefna og hægt sé að koma þeim í framkvæmd á viðunandi hátt samkvæmt tímaáætlun tilraunaverkefnisins.

Mikilvægt er að formaður sé ábyrgur fyrir hverjum aðgerðarhópi. Hann gefur stýrihópi skólans skýrslu. Stýrihópurinn samhæfir og hefur eftirlit með heildarþróunarferli skólans allan tímann sem tilraunaverkefnið stendur yfir, en aðgerðarhóparnir stýra og hafa eftirlit með því sem gerist innan hverrar aðgerðar.

• Framkvæmdastig

Meðan framkvæmdin stendur yfir halda aðgerðarhópar fund mánaðarlega. Fundirnir styðjast við þau skjöl sem skilgreind eru á áætlanastiginu (vísalisti og einkadagbækur). Eftirfarandi spurningar geta komið að liði við eftirlit með aðgerðinni:

- Gengur aðgerðin vel?
- Hver eru bein áhrif hennar á upphaflega markmiðið?
- Hafa komið ófyrirséð áhrif komið fram (jákvæð eða neikvæð)?

Hver munurinn á beinum og óbeinum áhrifum?

Gripið kann að vera til aðgerðar vegna þess að hún á að bæta starfsemi skólans í heild. Áhrif hennar á ferlið eru beinu áhrifin. Áhrifin á árangurinn eru þau óbeinu.

Hér er dæmi:

Til að bæta sjálfsvirðingu nemenda og bæta námsárangur þeirra er gripið til aðgerða gegn yfirgangi með bættum félags- og námsanda í skólanum. Ef gert er ráð fyrir að ferns konar úrbótatilraunum: fleiri starfsmenn verða á leiksvæði skólans og á göngum; fórnarlömb yfirgangs eru hvött til að kvarta og krefjast bóta; refsingar miðast við að bætt sé fyrir brotin fremur en að útiloka þá sem brjóta af sér; ofbeldisverk eru fordæmd.

Í þessu tilviki fer eftirlitið fram á þremur stigum og hér þarf að leita svara við þrenns konar spurningum:

- Hefur viðvera starfsfólks á leiksvæði skólans raunverulega aukist? Hve margir nemendur komu á fundina þar sem nýja stefnan var kynnt? Eru fórnarlömb yfirgangs líklegri en áður til að bera fram kvörtun? (framkvæmd aðgerðar)
- Hefur dregið úr ofbeldisverkum? Hefur félags- og námsandi skólans batnað? (bein áhrif)
- Hefur tekist að bæta námsárangur nemenda og sjálfsvirðingu þeirra? (óbein áhrif)

Til að ganga úr skugga um að starfshópurinn vinni þau verk sem honum voru ætluð getur verið gagnlegt að nota eftirfarandi ramma, en í hann eru skráðar ákvarðanir um næstu skref á grundvelli spurninganna: HVAÐ? HVER? HVENÆR?

HVAÐ? verk sem á að vinna	HVERJIR? ábyrgðaraðilar	(þangað til) HVENÆR? tímarammi (skylda)

Þessi rammi getur nýst þegar samin er verkefnaskrá fyrir aðgerðina.

Oft er því haldið fram að langur tími líði þangað til í ljós komi áþreifanlegur árangur af aðgerð sem skólinn hefur gengist fyrir. Sterk rök hníga samt í þá átt að fyrstu áhrifin gefi sterkar vísbendingar um endanlegan árangur aðgerðar. Ef fyrstu áhrifin eru jákvæð þá er það hvetjandi fyrir þátttakendur, að því tilskildu að bent sé á þau⁴.

• Mat á aðgerðum

Lokamatið ætti ekki aðeins að miðast við bein áhrif heldur einnig þau óbeinu, bæði fyrir séð áhrif og ófyrirséð. Ófyrirséð áhrif geta átt sér stað á nær öllum tólf sviðunum, án tillits til þess til hvaða aðgerða er gripið, og því er hægt að nota sjálfsmatsrammann sem minnislista. Þar er einnig að finna viðeigandi matsaðferðir.

Ekki hika við að hafa samband við velviljaða gagnrýnandann eða formann landsnefndarinnar ef þið þarfnist aðstoðar.

⁴ Sjá „The Memphis Restructuring Initiative“ í School Effectiveness and School Improvement, 8. bindi nr. 1, mars 1997. Í þessu verkefni gerðu 30 grunn- og framhaldsskólar á Memphis-svæðinu (Mississippi) tilraun með nýja tilhögun í skólanámi. Í ljós kom að skólar sem voru viðbragðsfljótir („fast starters“) höfðu nokkur sameiginleg einkenni: „sterka forystu í stjórnun, haldið er fast við framkvæmanlega þætti þeirrar tilhögunar sem þeir völdu. Þeir nýttu sér til hins ítrasta tækifæri í faglegri þróun og fundu leiðir til að laga nýju tilhögunina að því sem hafði áður verið gert“ (bls. 159).

Tilvitnanir

Spurningarnar í kafla 2.1 eru úr spurningalista um siðræn viðhorf sem var notaður við rannsókn á unglíngastigi grunnskóla í Frakklandi. Skýrslur um þessa rannsókn eru „Le fonctionnement des collèges et ses effets sur les élèves de 6ème et 5ème,“ *Ministère de l'Education Nationale, Dossiers Education et Formations, nr. 32, 1993*, og „Evolution de acquis cognitif et socio-affectifs des élèves au cours des années de collège,“ mun verða birt í *Ministère de l'Education Nationale, Dossiers Education et Formations*.

Kaflar 4.2, 5.1 voru teknir upp úr *The homework file* frá Quality in Education Centre for Research and Consultancy for the Scottish Office.

Kafla 8.2 var tekinn upp úr riti Ulrike Steiner-Löffler: *Taking Photographs as a Medium of Self-evaluation*. Dundee. Scottish Consultative Council on the Curriculum/CDREE, 1996.

Kafla 9.2 er úr riti Michael Schratz: *Initiating change through self-evaluation: Methodological implications for school development*. Dundee. Scottish Consultative Council on the Curriculum/CDREE, 1997.

Lýsingin á tilvísanahópatekninni (bls. 25) er byggð á bók Carl M. Moore, *Group Techniques for Idea Building*, Thousand Oaks/London. Sage, 1994.